



22. febrúar 2023

Röskva, samtök félagshyggjufólks við Háskóla Íslands hvetur fleiri sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu til að fjármagna næturstætó

Röskva fagnar því að næturstætó skuli hefja akstur á ný föstudaginn 24. febrúar nk., enda hefur Röskva lengi beitt sér fyrir bættum almenningssamgöngum almennt. Hins vegar er Reykjavíkurborg eina sveitarfélagið sem hefur gert þjónustusamning við Strætó sem þýðir að næturstætó mun aðeins aka um hverfi innan borgarmarka. Röskva furðar sig á því að önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu sjái ekki ávinning í því að styðja við þessa gríðarlega mikilvægu þjónustu. Sérstaklega í ljósi þess að öll hafa þau [skrifað undir samgöngusáttmála](#) sem á að auka umferðaröryggi og greiða leið fyrir skilvirka, hagkvæma og fjölbreytta ferðamáta.

Næturstætó gerir íbúum kleift að nýta hagkvæman, umhverfisvænan og öruggan ferðamáta fram eftir nóttu. Þetta úrræði er sérstaklega mikilvægt fyrir þau sem þurfa að ferðast langar vegalengdir, hvort sem er úr vinnu, námi eða skemmtanalífinu og á það sér í lagi við íbúa í ytri byggðum höfuðborgarsvæðisins. Síðastliðið sumar kom út [grein](#) sem fjallaði um kosti þess að rekin væri næturstætó á höfuðborgarsvæðinu þar sem eftirfarandi kom m.a. fram:

„Öryggi fólks er takmarkað á nóttunni og núverandi staða í samgöngumálum tengdum næturlífinu eykur á þetta öryggisleysi þar sem einungis dýrir og sjaldséðir leigubílar standa fólki til boða. Því er mikilvægt að aðgengi sé að áreiðanlegum almenningssamgöngum á næturnar, sérstaklega fyrir þann hóp fólks sem er meira berskjaldaður fyrir ofbeldi, til dæmis konur og aðrir minnihlutahópar.“

Framtak Reykjavíkurborgar ætti að vera til eftirbreytni og hvetur Röskva öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu til þess að koma saman og tryggja fjármögnun næturstætó. Raunin er sú að keyri næturstætó ekki út fyrir Reykjavík er ekki verið að sinna þeim hóp sem einna mest þarf



22. febrúar 2023

á þjónustunni að halda. Í miðbænum er þungamiðja afþreyingar og atvinnustarfsemi og er það hagur allra að bjóða upp á öruggan og umhverfisvænan ferðamáta milli miðbæjar og ytri byggða.

Til þess að almenningssamgöngur séu raunverulegur samgöngukostur þarf að tryggja að alhliða þjónusta sé til staðar og að hún sé sem aðgengilegust. Röskva hvetur sveitarfélög til þess að horfa til framtíðar og taka þátt í að byggja upp áreiðanlegt samgöngukerfi sem virkar fyrir öll, sama hvað klukkan er.